



EYJARDALSVIRKJUN Í ÞINGEYJARSVEIT

Greinargerð og umhverfisskýrsla deiliskipulags - Tillaga

15.01.2019



Deiliskipulag þetta hefur fengið málsmeðferð samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var auglýst samkvæmt 41. gr. sömu laga frá _____ með athugasemdarfresti til _____.

Deiliskipulagið var samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann _____
f.h. Þingeyjarsveitar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

MEÐFYLGJANDI SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagsuppráttur dagsettur 15.01.2019 í mkv. 1:5.000 og 1:500.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur	5
2	FORSENDUR	6
2.1	Afmörkun skipulagssvæðisins og staðhættir	6
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	7
2.3	Fornminjar	7
3	SKILMÁLAR	11
3.1	Almennir skilmálar	11
3.2	Lýsing á framkvæmdum virkjunarinnar	11
3.3	Inntaksstífla, þröskuldur og lón	11
3.4	Stöðvarhús	12
3.5	Vegir	13
3.6	Aðrennslispípa	13
3.7	Frárennslisskurður	14
3.8	Jarðstrengur	14
3.9	Efnistaka	15
3.10	Háspennulínur	15
3.11	Varðveisla minja	16
3.12	Frágangur	16
3.13	Sorp og úrgangur	16
3.14	Annað	16
4	UMHVERFISSKÝRSLA	17
4.1	Skilgreining og mat á umhverfisáhrifum	17
4.2	VALKOSTIR OG NIÐURSTAÐA	17
5	HEIMILDARSKRÁ	20

MYNDASKRÁ

MYND 1	Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu _____	6
MYND 2	Hlaðinn garður _____	8
MYND 3	Þjóðleið liggur frá Árgili og upp eyjardalinn og áfram til vesturs alla leið í Fnjóskadalinn _____	9
MYND 4	Garður í mynni Eyjardals _____	9
MYND 5	Stíflustæði á Eyjardal _____	12
MYND 6	Nýr aðkomuvegur að stíflu frá núverandi slóða og lega aðrennslispípu. _____	13
MYND 7	Áætluð lega aðrennslispípu frá stíflustæði _____	14
MYND 8	Malarhjalli við Eyjardalsá ofan stíflustæðis. Mögulegt efnistökusvæði úr námu E-48. _____	15
MYND 9	Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar _____	Error! Bookmark not defined.

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1	Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar _____	18
TAFLA 2	Samanburður núll kosts og valins kosts _____	19

1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Með greinargerð þessari er einnig umhverfisskýrsla sem unnin er samkvæmt lögum nr. 105/2016. Um er að ræða deiliskipulag fyrirhugaðrar Eyjardalsvirkjunar. Skipulagssvæðið er í landi Eyjardalsár og Hlíðarenda í vestanverðum Bárðadal í Þingeyjarsveit.

Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að setja ramma fyrir framkvæmdir og starfsemi á svæðinu, laga framkvæmdasvæðið að umhverfinu, takmarka áhrif á náttúru á svæðinu og lágmarka óafturkræf umhverfisáhrif.

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppráttur dagsettur 18. desember 2018 í stærðinni A1.

1.1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Aðdragandi deiliskipulagsins eru áform Eyjardalsvirkjunar ehf. um að reisa vatnsaflsvirkjun í Eyjardalsá og framleiða raforku, allt að 700 kW sem tengjast mun dreifikerfi Rarik. Eyjardalur liggur til vesturs frá Bárðardal og tilheyrir jörðunum Hlíðarenda og Eyjardalsá.

Löng hefð er fyrir byggingu og rekstri smávirkjana í Þingeyjarsveit. Eigendur Eyjardalsvirkjunar ehf. hafa reist margar þeirra og reka vélaverkstæði í sveitarfélaginu.

Gerð verður stífla á Eyjardal, og ofan hennar myndast lítið inntakslón, að mestu í núverandi farvegi árinna. Aðrennslisþípa mun liggja eftir lítt grónum ási austan árinna að stöðvarhúsi. Stöðvarhús verður í brekkurótum í landi Hlíðarenda, sunnan Eyjardalsár. Frá því mun liggja frárennslisskurður að Eyjardalsá.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýtingu auðlinda með orkuvinnslu. Aukin raforka skapar möguleika á þróun atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

2 FORSENDUR

2.1 Afmörkun skipulagssvæðisins og staðhættir

Svæðið er í landi tveggja jarða, Eyjardalsár og Hlíðarenda í vestanverðum Bárðardal í Þingeyjarsveit, og nýtir vatn úr Eyjardalsá. Aðkoma að Eyjardalsvirkjun verður um Bárðardalsveg vestrí nr. 842. Eyjardalsá á upptök sín á Eyjardal, um 10 km ofan við áætlað stíflustæði. Rétt neðan við stíflustæði sameinast hliðará Eyjardalsánni. Eyjardalur er grunnur hliðardalur Bárðardals og um hann liggur háspennulína milli Bárðardals og Fnjóskadals, Kröflulína 1. Háspennulínan liggur á mel meðfram ánni austan megin, og er vegslóði meðfram henni. Einnig er gert ráð fyrir Hólasandslínu 3 samsíða Kröflulínu. Vestan árinna er svæðið nokkuð vel gróið, óræktað mó- og graslendi með votlendispollum, en austan við eru þurrir og uppblásnir melar með mólendisflákum. Stöðvarhús virkjunarinnar verður í grjóturð í brekkurótum.

Deiliskipulagssvæðið er um 145 ha og liggur frá Bárðardalsvegi nr. 847 sunnan Eyjardalsár og til vesturs. Svæðið er beggja megin Eyjardalsár þegar komið er nær brekkurótum Bárðardals, liggur þaðan upp með ánni upp fyrir stíflu- og lónstæðið auk hliðarár. Innan skipulagsmarkanna er gert ráð fyrir uppistöðulóni, stíflu og stöðvarhúsi, leið aðfallspípu og vegaslóða. Innan svæðisins er háspennulína, Kröflulína 1, auk þess sem gert er ráð fyrir Hólasandslínu 3.



MYND 1 Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Samhliða deiliskipulagi þessu er gerð breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði neðan 300 m.y.s. og óbyggt svæði ofan 300 m.y.s. Iðnaðarsvæði nær frá brekkurótum, upp með ánni að austanverðu og upp fyrir fyrirhugað lónstæði.

Í framtíðarsýn og meginmarkmiðum aðalskipulagsins segir m.a. að það sé „*stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun. Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einkanota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði.*“

Varðandi iðnaðar- og athafnasvæði segir að „*Meginmarkmið aðalskipulagsins er að afmarka iðnaðarsvæði þar sem virkjun fer fram eða áætlað er að fari fram. [...] Einnig að skilgreina iðnaðarsvæði og athafnasvæði í þéttbýli og dreifbýli sem samsvarar núverandi og fyrirhugaðri starfsemi í Þingeyjarsveit.*“

Þar sem framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. (liður 3.22) Því fellur skipulagið einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

2.3 Fornminjar

Fornleifafræðistofan skráði fornminjar á svæðinu í september 2018. Fornleifar voru kannaðar í fyrirhuguðu lónstæði og stíflustæði virkjunarinnar og leið aðrennslisrípu að stöðvarhúsi, rúmlega 3 km langt og 40 m breitt belti, auk svæðis þar sem stöðvarhúsið sjálft á að standa.

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein.

Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins fyrirhugaða framkvæmdasvæðis. Samtals voru þrjár fornleifar undir þremur númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Allar töldust þær hafa lágt minja- og varðveislugildi.

- Garður – Skammt vestur af þjóðvegi og norðan við tún. Rétt sunnan við slóðann sem liggur upp á fjall. Um 300 m langur (A-V), 0,5 – 1,5 m breiður og 0,2 -0,5 m hár. Áberandi stórir steinar eru í garðinum og hann er býsna hlykkjóttur. Á honum er hlið inn á túnið.



MYND 2 Hlaðinn garður (Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson)

- Þjóðleið – Liggur frá Árgili og upp Eyjardalinn og áfram til vesturs alla leið í Fnjóskadalinn. Yfir holt, hæðir og mela. Vísbendingar eru um að leiðin liggji upp með Eyjardalsánni hjá Árgili og fylgi svo ánni inn dalinn þar til hún liggur upp á melana og svo áfram í Fnjóskadalinn. Þegar upp á melana er komið er leiðin vörðuð (vörður eru allar skráðar). Ekki hefur þótt ástæða til að varða leiðina þar sem hún lá svo nærri ánni framan af. Leiðin er nokkuð ógreinileg á köflum, en skýrist svo annarsstaðar. Oft skiptir hún sér í nokkra paldra og annarsstaðar fara fjárgötur um hana. Vísbendingar eru um að leiðina megi sjá strax við Árgilið eða þar sem núverandi línuvegur liggur hvað næst ánni, rétt ofan við flatlendið.



MYND 3 Þjóðleið liggur frá Árgili og upp eyjardalinn og áfram til vesturs alla leið í Fnjóskadalinn (Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson)

- Garður – Á blásnum mel upp í brekkunni í mynni Eyjardals, um 50 m suður af línuvegi. Úr lábörðu grjóti, 13 m langur, 0,4 -0,5 m breiður og 0,1 – 0,3 m hár. Garðurinn er nokkuð beinn þar sem hann liggur þvert á dalsmynnið.



MYND 4 Garður í mynni Eyjardals (Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson)

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim með þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja (Bjarni F. Einarsson, 2018).

3 SKILMÁLAR

3.1 Almennir skilmálar

Við allar framkvæmdir á svæðinu og hönnun mannvirkja skal gæta þess að fella framkvæmdina sem best að svipmóti lands, skv. 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu. Leitast skal við að ganga frá röskuðum svæðum jafnóðum og framkvæmdum lýkur og að öllum yfirborðsfrágangi verði lokið ekki síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Gæta þarf vel að staðsetningu og hönnun mannvirkja til að draga úr sjónrænum áhrifum virkjunarinnar sem og umhverfinu í kring. Við framkvæmdir skal leitast við að geyma svarðlag og leggja það aftur yfir gróin röskuð svæði við frágang til þess að ná sem fyrst upp fyrri ásýnd lands. Framkvæmdum skal almennt hagað þannig að gróðursvæðum sé ekki raskað umfram brýna þörf.

Í 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er verndarákvæði um bakkagróður. Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Í 61. gr. sömu laga kemur fram að nútímahraun nýtur verndar. Nútímahraun er eftir Bárðardal og nær inn á austasta hluta skipulagssvæðisins.

Framkvæmd virkjunarinnar er háð leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Ekki er talin hætta á hlaupi, vatnavöxtum eða ofanflóðum á svæðinu umfram það sem eðlilegt má teljast vegna árstíðabundinna sveiflna.

3.2 Lýsing á framkvæmdum virkjunarinnar

Meginframkvæmdirnar verða við stíflustæði, lagningu aðrennslispípu og við stöðvarhús. Virkjað fall er um 187 m og áætlað er að virkjað rennsli verði 0,5 m³/s. Einnig þarf að styrkja og bæta vegslóða upp að stíflu og gera nýjan slóða, um 280 m að stíflustæði.

Efnisþörf vegna framkvæmdanna er aðallega vegna jarðvegshluta stíflu, vegagerðar að inntaki og í skurð meðfram pípu. Gert er ráð fyrir að efni verði tekið úr efnisnámmum sveitarfélagsins.

3.3 Inntaksstífla, þröskuldur og lón

Skilgreind er 5000 m² lóð ásamt byggingarreit undir stíflumannvirki. Allir meginhlutar bygginga skulu standa innan byggingarreits. Tvö bílastæði skulu vera innan lóðar. Hámarks lengd inntaksstíflu er 90 m

og hámarkshæð hennar 5 m miðað við núverandi árbotn. Verður hún steinsteyppt að hluta með inntaki, botnrás og yfirfalli. Frá steyppta hluta stíflunnar verður jarðvegsstífla að óhreyfðu landi. Yfirfallshæð verður 355 m y.s. Ekki er gert ráð fyrir að vatn renni um yfirfall í minnsta vetrarrennsli. Inntaksstíflan er byggingarleyfisskyld framkvæmd.



MYND 5 Stíflustæði á Eyjardal

Í kvísl Eyjardalsár, sem rennur vestan við stíflustæðið, er gert ráð fyrir þröskuldi úr grjóti til að leiða vatn um ræsi og skurð að inntakslóni virkjunarinnar. Rennsli úr vesturkvíslinni verður takmarkað við um 300 l/s. Flóðavatn og framburður kvíslarinnar fer áfram um núverandi farveg.

Virkjunin verður rennslisvirkjun án teljandi miðlunar. Inntakslón verður að hámarki 0,5 ha og takmarkast að mestu við núverandi farveg árinna.

3.4 Stöðvarhús

Skilgreind er 1063 m² lóð ásamt byggingarreit undir stöðvarhús. Allir meginhlutar bygginga skulu standa innan byggingarreits. Hámarksbyggingarmagn er 80 m². Stöðvarhúsið verður á steypnum grunni og hámarkshæð þess er 6,0 m yfir gólfkóta. Byggingarefni hússins, mænisstefna og þakhalli er frjáls. Leitast skal við að staðsetja og hanna húsið á þann hátt að það falli eins og kostur er að umhverfi sínu og verði sem minnst áberandi frá nærliggjandi svæðum. Húsagerð er frjáls að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Stöðvarhúsið er byggingarleyfisskyld framkvæmd. Tvö bílastæði skulu vera innan lóðar.

Í stöðvarhúsi verður tilheyrandi stjórnþúnaður og rofabúnaður, auk lágmarksaðstöðu til viðhaldsvinnu. Spennir verður við hlið stöðvarhúss en háspennurofi Raríks verður í sér rými í húsinu. Takmarka skal geymslu spilliefna á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir geymslu slíkra efna annars staðar en í stöðvarhúsi. Affall virkjunarinnar mun renna út í Eyjardalsá skammt neðan stöðvarhúss, um 160 m langan skurð.

3.5 Vegir

Aðkoma að virkjunarsvæði er um vegslóða sem verður endurbættur og styrktur. Lega vegslóðans breytist frá núverandi legu á stöku stað, helst í brekkunni ofan við stöðvarhúsið. Auk þess verður gerður nýr slóði að stíflustæði um 280 m. Lóð stöðvarhússins liggur að vegslóðanum og því er ekki þörf á öðru en tengingu inn á lóðina. Vegslóðinn verður einnig notaður til að þjónusta háspennulínur á svæðinu og sem göngu- og reiðleið. Vegslóðinn verður um 4 m á breidd.



MYND 6 Nýr aðkomuvegur að stíflu frá núverandi slóða og lega aðrennslispípu.

3.6 Aðrennslispípa

Gert er ráð fyrir að aðrennslispípan verði allt að 0,6 m í þvermál og liggja frá stíflu eftir lítt grónum ás austan Eyjardalsár, meðfram núverandi háspennulínu. Neðri hluti aðrennslispípu verður meðfram vegslóða að stöðvarhúsi. Heildarlengd hennar er um 3.200 m. Pípan skal vera niðurgrafin.



MYND 7 Áætluð lega aðrennslispípu frá stíflustæði

Nánast allt vetrarrensli árinna mun fara um aðrennslispípu.

Legu aðrennslispípunna skarast að einhverju leyti við gömlu þjóðleiðina. Óheimilt er að raska henni nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Einnig mun aðrennslispípan liggja um helgunarsvæði háspennulína og skal gæta fyllstu varkárni innan þess og taka fullt tillit til núverandi og fyrirhugaðrar háspennulína.

3.7 Frárennslisskurður

Frárennslisskurður liggur frá stöðvarhúsi og til norðurs í farveg Eyjardalsár um 160 m. Skurðurinn fer í gegnum fornleifar sem ekki má raska nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Annar skurður er milli hliðarkvíslar Eyjardalsár og lóns. Vatn úr kvíslinni verður leitt um hann og í lónið.

3.8 Jarðstrengur

Virkjunin tengist dreifikerfi Raríks við stöðvarhús með rafstreng. Spennir verður við hlið stöðvarhúss en háspennurofi Raríks verður í sér rými í húsinu. Strenginn skal leggja í jörð og skal lágmarka rask á

óhreyfðu landi eins og framast er unnt. Á uppdrætti er sýnd áætluð lega dreifikerfis Raríks en sú lega er ekki bindandi.

3.9 Efnistaka

Efnispörf í vegslóða um 4.800 m³ en heildarefnispörf fyrir framkvæmdir á svæðinu er að hámarki 8.000 m³. Efnistöð nýtist í jarðveghluta stíflu, við inntakstífluna, umhverfis aðrennslispípu, í grunnstöðvarhúss og í vegslóða.

Gert er ráð fyrir að efnistaka verði úr námunni E-28 við Þjóðveg nr. 842 í Bárðardal og nýrri námu E-48 á Eyjardal. Nánari ákvörðun um nýtingu efnistökusvæða verður tekin við veitingu framkvæmdaleyfa þegar fullnaðarhönnun virkjunarinnar liggur fyrir.



MYND 8 Malarhjalli við Eyjardalsá ofan stíflustæðis. Mögulegt efnistökusvæði úr námu E-48.

3.10 Háspennulínur

Á mel austan stíflustæðisins liggur Kröflulína 1 sem er 132 kV með helgunarsvæði frá 24,4 m til 31,3 m. Hólasandslína 3 er áætluð samsíða henni og verður hún 220 kV með helgunarsvæði frá 59,9 m til 66,2 m, mismunandi eftir möstrum og línuhæð. Innan helgunarsvæða má ekki byggja og verða fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir utan þeirra. Aðrennslispípan mun liggja að hluta til innan helgunarsvæða en ekki hafa áhrif á framkvæmd, viðhald eða notkun háspennulínanna. Framkvæmd við Hólasandslínu 3 er matsskyld skv. 22. t.l. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er sú framkvæmd í mati. Hafa skal samráð við Landsnet við framkvæmdir.

3.11 Varðveisla minja

Á svæðinu eru skráðar fornleifar, þjóðleið milli Bárðardals og Fnjóskadals og tvö garðlög. Fornleifarnar teljast að hluta til í hættu vegna framkvæmda. Aðrennslisrípan liggur í þjóðleiðinni á tveimur stöðum og lónið mun raska þjóðleiðinni að hluta. Þá er aðrennslisrípan innan 15 m helgunarsvæðis fornleifanna á um 570 m kafla og hætta á frekara raski á þjóðleiðinni. Frárennslisskurður frá stöðvarhúsi mun liggja þvert í gegnum garðlag til norðurs.

Allar framkvæmdir skulu taka tillit til fornleifanna eins og hægt er og forðast skal rask á þeim eftir fremsta megni. Þar sem ekki verður hjá því komist að raska fornleifunum skal fyrst leitað leyfis Minjastofnunar Íslands og þeim skilyrðum hlítt sem stofnunin kann að setja í því skyni. Á framkvæmdartíma skal merkja fornleifar þannig að þær séu augljósar framkvæmdaaðilum til að fyrirbyggja óþarfa rask.

Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2010.

3.12 Frágangur

Við lok framkvæmda verða öll tæki flutt á brott. Leitast verður við að allur frágangur falli sem best að umhverfinu í kring. Það verður m.a. gert með því að geyma svarðlag, þar sem við á, og það lagt yfir gróin röskuð svæði til að ná fyrri ásýnd landsins sem fyrst. Dreifa skal áburði og sá í gróið land sem kann að raskast vegna framkvæmdarinnar ef þörf krefur.

3.13 Sorp og úrgangur

Allt sorp og allur úrgangur sem til fellur skal settur í sorpílát og fluttur til förgunar á viðurkenndum móttökustað. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

3.14 Annað

Vöktunaráætlun skal gerð fyrir virkjunina áður en sótt er um framkvæmdarleyfi og vöktun skal sinnt af óháðum aðila.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

4.1 Skilgreining og mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Helstu áhrif deiliskipulagsins eru á umhverfisþættina gróður, landnotkun, fornminjar, fuglalíf, vatnalíf og veiði, landslag og ásýnd, og jarðminjar. Umhverfisskýrslan byggir á fyrirbyggjandi gögnum.

Við vinnslu umhverfisskýrslu var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrif.

4.2 VALKOSTIR OG NIÐURSTAÐA

Virkjanir eru þess eðlis að ekki koma margar staðsetningar til greina heldur er um einn ákjósanlegan kost undir virkjunarsvæði að ræða vegna aðstæðna. Þess vegna eru hér aðeins metnir tveir kostir; núllkostur, sem er í raun einnig grunnástand, og valinn kostur.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Gróður	Mun áætlunin hafa áhrif á gróður? Mun áætlunin hafa áhrif á plöntutegundir á válista? Mun áætlunin hafa áhrif á bakkagróður?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Landnotkun	Mun áætlunin fela í sér áhrif á landnotkun svæðisins?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. um markmið laganna. Landsskipulagsstefna 2015-2026, kaflar 2.1 um sjálfbæra byggð í dreifbýli, kafla 2.3 um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og kafla 2.5 um orkumannvirki og afhendingu raforku. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, markmið.
Fornminjar	Mun áætlunin hafa áhrif á friðlýstar fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar, 1. gr. um tilgang laganna, 16. gr. um skipulag og 23. gr. um fornleifar í hættu.
Fuglalíf	Lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 2. gr. um markmið laganna og 6. gr. um villt dýr og skipulag.	Lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 2. gr. um markmið laganna og 6. gr. um villt dýr og skipulag. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun tegunda.
Vatnalíf og veiði	Mun áætlunin hafa áhrif á ána sem veiðisvæði og fiskistofna?	Lög um lax og silungsveiði. Nr. 61/2005, 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.
Landslag og ásýnd	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa umtalsverð áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag, 69. gr. um hönnun mannvirkja.
Jarðminjar	Mun breytingin hafa áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á samfélag?	Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 Landsskipulagsstefna 2015-2026 Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019

TAFLA 1 Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar

UHVERFISÞÁTTUR	NÚLL KOSTUR	VALINN KOSTUR
Gróður	Engin áhrif	Vestan árinna er svæðið nokkuð vel gróið er óræktað mó- og graslendi með votlendispollum, en austan við eru þurrir og uppblásnir melar með mólendisflákum. Við ármót er gróðurfar svipað því sem er vestan megin. Áætluin hefur ekki áhrif á plöntutegundir á válista. Bakkagróður nýtur sérstakrar verndar skv. 56. gr. náttúruverndarlaga: „Við vatnsnýtingu skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum“. Inntakslón er að hámarki 0,5 ha að stærð og mun að hluta ná yfir þurrt land. Gróður mun breytast töluvert á um 0,1 ha svæði. En þar sem miðlun er engin og vatnsborðsbreytingar litlar, mun gróðurinn jafna sig með tímanum.
Landnotkun	Engin áhrif	Svæðið einkennist að mestu af óræktuðu gras- og mólendi sem nýtt er til sauðfjárbeitar og gróðursnaudum melum. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á áframhaldandi landbúnaðarnýtingu eftir að rask hefur verið lagfært. Lón mun ná yfir um 0,5 ha beutilands. Pípa mun að mestu liggja eftir mel og mun því ekki raska beutilandi eða öðru landbúnaðarlandi. Stöðvarhús mun standa á grýttum árbakka við brekkurætur, svæði sem ekki er nothæft til landbúnaðar. Með því að græða landið upp að framkvæmdum loknum er ljóst að svæðið mun komast í samt horf og hægt að nýta land áfram til beitar eins og verið hefur. Áhrifin teljast óveruleg og afturkræf að mestu, utan þess lands sem fer undir vatn.
Fornminjar	Engin áhrif	Fornleifar eru á svæðinu sem eru í lægsta minja- og varðveisluflokki og eru þær í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Leita skal leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir raski á fornleifum og þeim skilyrðum hlýtt sem stofnunin kann að setja. Aðrennslispípa og lón mun raska þjóðleið milli Fnjóskadals og Bárðardals á þremur stöðum. Frárennsliskurður mun þvera garðlag. Áhrif á fornminjar eru taldar óverulegar þar sem raski er haldið í lágmarki.
Fuglalíf	Engin áhrif	Fuglalíf var kannað á áhrifasvæði virkjunarinnar í júní og júlí 2018. Allir fuglar sem sáust eða heyrðist í voru skráðir niður sem og öll hreiður sem fundust og ungar sem sáust. Neikvæð áhrif mannvirkja á fugla og búsvæði verða óveruleg ef nokkur. Þó verður einhver truflun á framkvæmdatíma. Áhrif á fuglalíf svæðisins eru talin óveruleg.
Vatnalíf og veiði	Engin áhrif	Eyjardalsá er ekki fiskgeng á áhrifasvæði virkjunarinnar en það kann að vera að staðbundinn fisk sé þar að finna. Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fiskistofna eru því talin engin.
Landslag og ásýnd	Engin áhrif	Inntak og lón eru á Eyjardal fjarri byggð. Lónið mun verða að hámarki 0,5 ha að stærð, að mestu í núverandi árfarvegi en þó ná upp fyrir aflíðandi bakka árinna. Stíflan verður að hámarki 5 m há. Inntak og lón munu ekki sjást frá þjóðvegi, en þó breyta nærumhverfi töluvert. Áhrifin eru þó staðbundin og fátt fólk verður þeirra vart og eru áhrifin því talin óveruleg.
Jarðminjar	Engin áhrif	Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta hraunhellar, gervigigar, fossar og nærumhverfi þeirra sérstakrar verndar. Neðst á skipulagssvæðinu má finna nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar sbr. ofangreind lög. Slóði er í hrauninu og verður sá slóði endurbættur og styrktur. Áhrif á jarðminjar eru talin óveruleg.
Samfélag	Engin áhrif	Áhrif á samfélag eru jákvæð þar sem framkvæmdin er atvinnuskapandi og skilar tekjum til sveitarfélagsins


Jákvæð áhrif




Neikvæð áhrif



Óveruleg áhrif



Engin áhrif



Óviss áhrif



TAFLA 2 Samanburður núll kosts og valins kosts

5 HEIMILDARSKRÁ

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Bjarni F. Einarsson, 2018. Fornleifaskráning í landi Eyjardalsár vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda